

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík 2. maí 2017
UST201704-099/H.G.S.
04.03

Efni: Frumvarp til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda og hollustuhætti og mengunarvarnir (EES-reglur, refsíákvæði), 355 mál - umsögn

Þann 11. apríl 2017 sendi umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, 355. mál, til umsagnar Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir frumvarpið og vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri.

Ákvæði a. liðar 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins (breyting á núgildandi 5. mgr. 8. gr. laga nr. 33/2004)

Eins og fram kemur í 5. kafla greinargerðar við frumvarpið var það sent Umhverfisstofnun til umsagnar þegar það var til vinnslu í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Í þeirri umsögn gerði Umhverfisstofnun athugasemdir við ákvæði núgildandi 5. mgr. 8. gr. laga nr. 33/2004 og tillögu að breytingu á því ákvæði m.a. vegna þess að ákvæðið og tillagan voru ekki í samræmi við ákvæði í IV. viðauka við MARPOL-samninginn sem fjallar um reglur um losun skolps frá skipum og lagði til breytt orðalag ákvæðisins. Í frumvarpinu sem nú er til umsagnar hefur varið fallist á framangreinda tillögu stofnunarinnar að breyttu orðalagi ákvæði 5. mgr. 8. gr. laga nr. 33/2004. Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemdir við ákvæði a. liðar 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins en vill með vísan til þess sem fram kemur í 5. kafla greinargerðarinnar, um breytingu á ákvæði 5. mgr. 8. gr. laga nr. 33/2004, ítreka mikilvægi þess að frumvarpið nái fram að ganga svo ákvæðið sé skýrara og í samræmi við skuldbindingar Íslands skv. IV. viðauka við MARPOL-samninginn.

Tillaga að nýrri orðskýringu í núgildandi 3. gr. laga nr. 33/2004

Í fyrirnefndri umsögn sinni til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins lagði Umhverfisstofnun til að við 3. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda yrði bætt við skilgreiningu á orðinu „skip“, enda er ítrekað notast við orðið skip í lögnum og því æskilegt að slík skilgreining sé fyrir hendi. Í frumvarpinu sem nú er til umsagnar hefur ekki verið fallist á þessa tillögu og vill Umhverfisstofnun því ítreka þessa tillögu sína í þágu aukins skýrleika og leggur til að við frumvarpið bætist skilgreining á


hugtakinu skip sem er samhljóða skilgreiningu á orðinu „skip“ í lögum nr. 47/2003 um eftirlit með skipum.


Tillaga að breytingu á ákvæði 3. gr. núgildandi laga nr. 33/2004 er svohljóðandi:

Eftirfarandi orðskýring bætist við 3. gr. laganna í viðeigandi stafrófsröð:

Skip: Sérhvert fljótandi far nema annars sé getið.

Virðingarfyllt


Sigrún Friðriksdóttir
teymisstjóri


Hilda Guðný Svavarsdóttir
lögfræðingur